

## Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Hveragerði

Á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999

### 1. gr.

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Tekjutenging er eins og hér segir:

Tekjumörk einstaklings á ári	Tekjumörk hjóna á ári	Gjald á klst
Undir 1.881.000	Undir 2.829.000	0
Milli 1.881.001 - 2.510.000	Milli 2.829.001 - 3.688.000	250 kr.
Yfir 2.510.001	Yfir 3.688.001	350 kr.

### 2.gr.

Þjónusta umfram 8 vinnustundir á viku á hvert heimili er endurgjaldslaus. Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á greiðslu er tekin af félagsmálanefnd.

Gjaldskráin er endurskoðuð árlega.

### 3.gr.

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu Hafnarhúsínu v/ Tryggvagötu. Skal það gert eigi síðar en 4 vikum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

### 4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þann X. mars 2008 við staðfestingu bæjarstjórnar.